

31. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 06.09 2016, kl. 13.30

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Þorvarður Ingimarsson. Einnig var mætt Björg Björnsdóttir verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála á Austurlandi.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá

1. **SSA, Björg Björnsdóttir ,verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála , mætir á fundinn**
2. **Skýrsla oddvita**
3. **Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Víðivalla ytri 1**
Bréf Skipulagsstofnunar dags. 24.08 2016
4. **Deiliskipulag Geldingafellssvæðis**
5. **Laugargarður ehf**
Ársreikningur 2015
6. **Eigendastefna fyrir Þjóðlundur**
7. **Samþykkt um byggingarleyfisgjald, afgreiðslu og þjónustugjöld byggingarfulltrúa Fljótsdalshrepps, framkvæmdaleyfisgjald og gjöld vegna skipulagsbreytinga, önnur umræða.**
8. **Minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga dags 23.08 2016, um áhrif nýrra húsnæðislöggjafar gagnvart sveitarfélögum.**
9. **Bréf**
 - a) Helgi Hallgrímsson dags. 08.08 2016
 - b) Bændasamtök Íslands 09.08 2016
10. **Umhverfisstyrkir**
 - a) Bjarki Jónsson, Víðivöllum ytri 2
 - b) Friðrik I. Ingólfsson, Valþjófsstað 1
11. **Fjárbeiðnir**
 - a) Íþróttasamband lögreglumanna
 - b) Ferðafélag Fljótsdalshéraðs
12. **Fundargerðir**
 - a) Brunavarnir á Austurlandi 23.08 2016
 - b) HAUST 29.06 2016

c) Fjallskilanevnd Fljótsdalshrepps 30.08 2016

13. Önnur mál.

1. **SSA, Björg Björnsdóttir, verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála** . Björg kynnti framkomnar ályktanir stjórnar og sveitarfélaga til aðalfundar SSA 2016. Eftir umræður var oddvita falið að gera drög að ályktun til aðalfundarins um landbúnaðarmál og stöðu sauðfjárbænda.

Björg yfirlag fund kl 14.30

2. Skýrsla oddvita.

Oddviti var í sumarleyfi vikur 32 og 33. Lárus varaoddviti sá um afleysingu.

Þjóðlendan Vesturöræfi hefur verið stofnuð í Þjóðskrá. Þjóðskrá bendir á að eiga þurfi við lagalega stöðu lóðar Laugarfellsskála og skrá ríkið sem eigenda í stað Kirkjumálasjóðs.

Fljótsdalsdagur Ormsteitis var haldin 14. ágúst sl. og fór vel fram að venju. 50 ára vígsluafmæli Valþjófsstaðakirkju var svo haldið hátíðlegt sunnudaginn 21. ágúst, með hátíðarmessu og kaffiveitingum í Végarði. Nýtt orgel í Valþjófsstaðakirkju, sem Fljótsdalshreppur styrkti kaup á var tekið í notkun við þetta tækifæri.

Sambandið hefur tekið saman svör frá sveitarfélögum um löggæslukostnað vegna bæjarhátíða. Niðurstaðan er að mjög misjafnt er hvort rukkað er fyrir löggæslukostnað eða ekki. Sambandið ráðleggur sveitarfélögum að andmæla gjaldtöku af hálfu lögreglu, hvað varðar t.d. bæjarhátíðir og æskulýðs- og íþróttahátíðir sem ekki eru haldnar í atvinnuskyni, en í slíkum tilvikum er aðgangur ekki seldur að skemmtun eða atburði.

Árlegur samráðsfundur Skipulagsstofnunar og sveitarfélaganna hefur verið boðaður í Reykjavík 15. september. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga verður í Reykjavík 22. Og 23. september.

Dagur íslenskrar náttúru er 16. september. Umhverfis-og auðlindaráðuneytið hvetur til að deginum verði fagnað með sem víðast.

Skipulagsstofnun vinnur að kortlagningu mannvirkja á hálendinu og hefur leitað upplýsinga hjá sveitarfélaginu um mannvirki innan marka Fljótsdalshrepps.

Varðandi verkefnið „verndarsvæði í byggð“ sem Minjastofnun auglýsti eftir umsóknum um styrki fyrir fyrr í sumar, er það mat minjavarðar Austurlands, að útihúsabyrping á Langhúsum geti ekki fallið undir skilgreiningu þess verkefnis.

3. Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Víðivalla ytri 1

Bréf Skipulagsstofnunar dags. 24.08 2016. Í bréfi Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin hefur yfirfarið framlögð gögn um skipulagið og gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

Sveitarstjórn felur oddvita að auglýsa samþykkt deiliskipulagsins í Stjórnartíðindum. Við birtingu þeirrar auglýsingar tekur skipulagið gildi og jafnframt hefst þá 1. mánaðar kærufrestur til úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála.

Að beiðni eins sumarbústaðaeiganda áttu hann, oddviti, byggingar-og skipulagsfulltrúi og landeigendur Víðivalla ytri 1, saman fund sl. laugardag, þar sem til umræðu var erfitt vegasamband að efsta hluta sumarbústaðalandsins.

4. Deiliskipulag Geldingafell.

Fyrir sveitarstjórn liggur tillaga að deiliskipulagi Geldingafellssvæðis, dags. 01.07 2016, tillagan er unnin af Mannvit hf, greinagerð og meðfylgjandi er uppdráttur. Byggingar-og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps hefur fjallað um deiliskipulagstillöguna og almennur kynningarfundur var haldinn í Végarði 10.08 2016.

Umrætt svæði er innan marka Vatnajökulsþjóðgarðs og þjóðlenda í afréttareign. Geldingafellsskáli er í eigu Ferðafélags Fljótsdalshéraðs. Markmið deiliskipulagsins er að bæta bæði aðstöðu landvarða og ferðamanna á svæðinu. Gera á ráð fyrir stækkun salernisaðstöðu og bættu aðgengi fyrir alla og að Blanda verði brúuð eða settur upp kláfur. Einnig er gert ráð fyrir byggingu nýs skála fyrir landverði. Aðkoma að svæðinu er um veg að Kelduárlóni og síðan um 12 km slóða. Svæðið er í um 800 m hæð yfir sjávarmáli. Deiliskipulagstillagan er í samræmi við Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2014-2030.

Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa deiliskipulagstillöguna skv. 1 .mgr. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

5. Laugargarður ehf

Ársreikningur 2015. Samþykktur og undirritaður

6. Eigendastefna fyrir þjóðlendur. Kynnt.

7. Samþykkt um byggingarleyfisgjald, afgreiðslu og þjónustugjöld byggingarfulltrúa Fljótsdalshrepps, framkvæmdaleyfisgjald og gjöld vegna skipulagsbreytinga, önnur umræða.

Samþykkt af sveitarstjórn og oddvita falið að birta gjaldskrána í B deild Stjórnartíðinda.

8. Minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga dags 23.08 2016, um áhrif nýrra húsnæðislöggjafar gagnvart sveitarfélögum.

Kynnt. Meðal annars kemur þar fram að ný lög um húsnæðisbætur muni þann 1. janúar 2017, leysa af hólmi gildandi lög um húsaleigubætur. Ábyrgð og umsýsla með almennum húsaleigubótum færast yfir til ríkisins, en sérstakar húsaleigubætur verða ekki lengur valkvætt verkefni sveitarfélaga, heldur lögbundið skylduverkefni.

9. Bréf

- a) Helgi Hallgrímsson dags. 08.08 2016. Kynnt, fjallar um stöðu á útgáfumálum Fljótsdælu.
- b) Bændasamtök Íslands 09.08 2016. Kynnt. Spurningum sem fram komu í bréfinu var svarað af fjallskilanefnd og oddviti mun sjá um að koma svörum nefndarinnar til Bændasamtakanna.

10. Umhverfisstyrkir

- c) Bjarki Jónsson, Víðivöllum ytri 2. Sótt er um hámarksstyrk. Samþykkt.

Gunnþórunn vék af fundi vegna vanhæfis.

- d) Friðrik I. Ingólfsson, Valþjófsstað 1. Sótt er um hámarksstyrk. Samþykkt.

Gunnþórunn kom aftur til fundar.

11. Fjárbeiðnir.

- a) Íþróttasamband lögreglumanna. Óskað er eftir styrk til útgáfu umferðarbæklings. Hafnað.
- b) Ferðafélag Fljótsdalshéraðs. Samþykktur styrkur vegna Perluleiks félagsins , kr. 30.000-

12. Fundargerðir

- a) Brunavarnir á Austurlandi 23.08 2016. Kynnt
- b) HAUST 29.06 2016. Kynnt.
- c) Fjallskilanevnd Fljótsdalshrepps 30.08 2016. Fundargerðin er samþykkt.

13. Önnur mál.

- a) Samþykktur kostnaður vegna birtingar afmælistveðju í tímaritinu Austurlandi , í tilefni af afmæli Eskifjarðarkaupstaðar, kr. 24.800- .
- b) Keyptar voru tvær Fljótsdalsmyndir af Eyrúnu Axelsdóttur kr. 36.000-, einnig verða keyptar tvær myndir af Pétri Behrens úr „Langhúsaseríunni“ .
- c) Pétur Behrens hefur afhent Fljótsdalshreppi , möppu með afriti af myndum sem hann málaði af eldri útihúsabyrpingu á Langhúsum , ásamt loftmynd af svæðinu, þar sem byggingar eru sýndar með teikningum. Eru Pétri færðar bestu þakkir fyrir.
- d) Rætt um greiðsluþátttöku notenda félagsþjónustu. Fjallað verður nánar um það mál á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 17.30

Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)